

Sjókayakar 2016

Keppnir til Íslandsmeistaratitils

Ákveðið var að gera breytingar á keppnisviðburðum klúbbsins, og sett upp dagsskrá fyrir sex keppnir þetta árið. Fimm af sex keppnum taldi til stiga Íslandsmeistara. Stigagjöf var eins og áður.

Keppnirnar voru:

- Reykjavíkurbíkarinn (10 km) 7. maí
- Sprettróður 28. maí
- Hallarbíkarinn 19. Júní
- Hálfmaraþon 21. Ágúst
- Bessastaðakeppnin 17. September
- Tæknikeppni 2. Október

Sprettróðurinn 28. maí var skemmtileg nýjung þar sem allir voru jafnir, eins bátar og sams konar klunnalegar og þungar klúbbárar. Tóks vel og skemmtilegt til áhorfs.

Tæknikeppnin var einnig nýjung sem bæði keppendur og áhorfendur höfðu gaman af og segja má að tímabært hafi verið að gefa kayakræðurum tækifæri til að sýna kunnáttu sína í öðru en úthaldi og styrk, það er tækni og færni við að stjórna sínum sjókeip.

Bessastaðakeppnin var haldin að tilstuðlan Kayakklúbbsins Sviða og vonar keppnisnefndin að þessi keppni komi til með að festast aftur í sessi, en hún hafði legið niðri í nokkur ár.

Flokkun báta var eins og áður, ferðabátar og keppnisbátar, til ferðabáta teljast þeir sem hafa stuðulinn ≤ 11 (lengd / breidd) en keppnisbátar þeir sem hafa stuðulinn > 11 .

Vegna undirliggjandi óánægju sem verið hefur sportinu með flokkun báta var lagt að breyta henni fyrir keppnisárið 2017. Flokkunin verði eins og áður, ferðabátar og keppnisbátar, en til ferðabáta teljast þá hefðbundnir sjókayakar (lokað mannop og farangurrými að framan og aftan) sem hafa stuðulinn ≤ 11 (lengd / breidd) en til keppnisbáta öll svokölluð SurfSki (SOT brimskíði) og aðrir kayakar sem hafa stuðulinn > 11 .

Keppnisnefnd mælir með að á aðalfundi klúbbsins þann 16. febrúar verði þessar breytingar endanlega ræddar og ákveðið hvort þeim verði breytta eður ei.

Varðandi úrslit, myndir og aðrar upplýsingar um keppnirnar á árinu 2016 vill keppnisnefndin benda mönnum á að skoða vefsíðu Kayakklúbbsins.

Keppnisnefnd 15. febrúar 2017